

Nr. 20-047 S 033 Blængur NK 125***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr.: 1345
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m *Skráð lengd:* 71,0 m
Breidd: 11,60 m *Dýpt:* 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 24



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2020 var frystitogarinn Blængur NK 125 á togveiðum við Selvogsbanka. Veður: ANA 25 m/s og ölduhæð 5 m.

Skipverjar voru að taka trollið og losa úr pokanum þegar pokastroffan slitnaði. Bakborðsvelta kom á skipið og pokinn valt yfir lunningu bakborðsmegin með þeim afleiðingum að hægri fótur eins skipverja varð undir honum. Erfiðlega gekk að ná pokann af skipverjanum og var siglt með slasaða til Vestmannaeyja. Í ljós kom að hann hafði þríbrotnað á hné auk þess sem liðbönd og krossbönd skemmdust.

Við rannsókn kom fram:

- að pokastroffan slitnaði og féll pokinn þá á þilfarið í pulsu og lá þá hærra. Til að slétta úr honum var híft í stóra gilsinn en þá kom velta á skipið sem veltur pokanum inn í bakborðsganginn;
- að til að ná pokanum af slasaða var byrjað á því að setja gils í benslið milli þenslugjarða sem slitnaði. Slasaði fékk þá pokann yfir sig aftur en síðan náðist að hífa



Myndin sýnir þilfarið bakborðsmegin þar sem slasaði varð undir trollpokanum.

- hann ofan af slasaða þegar gilsinn var settur í þenslugjörðina;
- að um 10 til 12 tonn af fiski voru í pokanum;
 - að í bakborðsganginum var upphækkun í þilfarinu þar sem slasaði lenti með hnéd á kantinum;
 - að pokastroffan var úr 24 mm ofurtógi með splæst augu á báðum endum;
 - að pokagilsinn og pokastroffan voru venjulega hífð í gegnum blökkina í gálganum þegar losað var úr pokanum;
 - að fram kom hjá söluaðila á ofurtógi að það þoli ekki að nuddast við hvassar brúnir. Þrátt fyrir að blakkar kjammar séu að einhverju leyti rúnaðir þá skemma þeir ofurtógið þegar það nuddast við og því meira sem átakið er því meiri hætta er á að ofurtógið skemmist;

Drög að lokaskýrslu voru send til aðila málsins og útgerðar þann 1. febrúar 2021. Ekki voru gerðar athugasemdir við þau en eftirfarandi upplýsingar bárust frá útgerðinni:

Eftir slysið hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar á vinnufyrirkomulagi og búnaði.

1. *Reglulega er haft eftirlit með búnaði s.s. gilsum og stroffum og fylgst með sliti á þeim.*
2. *Ef vart er við slit eða annað sem gert getur þær varasamar þá er þeim skipt út og þeim fargað.*
3. *Sérstaklega er þess gætt að stroffur fari ekki í gegnum blakkir við hífingar.*
4. *Við hífingar er þess nú sérstaklega gætt að menn séu ekki nálægt þegar hift er og fyllsta öryggis sé gætt við hífingar.*
5. *Skóðað verði að nota CE merktar stroffur nema í undantekningartilfellum.*

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að pokastroffan slitnaði.

Nefndin telur viðbrögð útgerðarinnar til fyrirmyndar.